



Margrét Hauksdóttir; er forstjóri Þjóðskrár Íslands frá árinu 2013. Hún lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1989. Margrét starfaði í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 1989-2000 með hléi þegar hún starfaði hjá EFTA Secretariat í Genf 1992-1993. Hún var stundakennari við Háskóla Íslands á árunum 1995 – 1997, var í stjórn Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins í 4 ár en það stéttarfélag var eitt af fyrstu stéttarfélagunum að ganga til nýrrar gerðar kjarasamninga við ríkið árið 1997. Endurvakti árshátíð Stjórnarráðsins eftir nokkurra ára hlé og var formaður árshátíðarnefndar í 3 ár.